



Kristinn Ingi Austmar Guðnason aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Hellu, Jón Valgeirsson sveitarstjóri Rangárþings ytra, Halla Tómasdóttir forseti Íslands, Ragnheiður Gísladóttir verkefnastjóri Íslenskuskólans og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi Rangárþings ytra. Ljósmynd: SASS/Magnús Stephensen Magnússon.

Íslenskuskóli Grunnskólans á Hellu handhafi Menntaverðlauna Suðurlands 2025

Verkefnið Íslenskuskólinn: Hagnýt orðaforðakennsla í ÍSAT við Grunnskólinn á Hellu hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2025, sem afhent voru við hátíðlega athöfn 10. febrúar. Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, var heiðursgestur og afhenti verðlaunin. Alls voru 11 verkefni tilnefnd í ár og endurspegluðu þau metnaðarfullt og framsækið menntastarf á Suðurlandi.

Verðlaunaverkefnið í ár, Íslenskuskólinn, tekur á brýnu verkefni í íslensku skólakerfi. Sífellt fleiri nemendur hafa annað móðurmál en íslensku en margir þeirra eru fæddir hér á landi og tala annað tungumál heima fyrir. Þessir nemendur falla oft utan hefðbundinna

stuðningsúræða þar sem þeir tala fina „hversdagsíslensku“ en skortir oft þann fræðilega og hagnýta orðaforða sem er lykillinn að námsárangri í bóknamsgreinum.

Með Íslenskuskólanum er lögð áhersla á svokallaðan þrep 2 orðaforða; orð sem eru sjaldgæf í daglegu tali en algeng í námsbókum (t.d. orð eins og „greina“, „álykta“ og „forsenda“). Skortur á þessum orðaforða getur leitt til minni þátttöku, lakari sjálfsmyndar og brottfalls, en verkefnið miðar að því að brúa þetta bil með markvissri kennslu innan skóladagsins.

Hugmyndasmiður og verkefnastjóri Íslenskuskólans er Ragnheiður Gísladóttir, sem tók

við verðlauninum fyrir hönd grunnskólans á Hellu. Hún býr að viðtækri reynslu í kennslu íslensku sem annars tungumáls og hefur starfað við grunnskólakennslu í 18 ár. Ragnheiður er með BA-próf í táknaðsfræði og íslenskuvíð Háskóli Íslands, starfaði lengi við Sunnukljárskóli og hefur gegnt trúnaðarstörfum á sviði fjölmennningar og fjöltyngis, meðal annars í fjölmenningarráði Rangárþings ytra.

Íslenskuskólinn er talinn fyrirmyndarverkefni sem mætir raunverulegum þörfum samfélagsins og hefur það markmið að móta kennsluáferð sem getur nýst grunnskólum um allt land, óháð stærð.

Védís Huld knapi íþróttamaður Ölfuss 2025

Védís Huld Sigurðardóttir var um helgina útnefnd Íþróttamaður Ölfuss árið 2025. Védís Huld hefur keppt í hestaíþróttum frá unga aldri og er hún bæði margverðlaunuð og afar reynd í sinni íþrótt. Hún hefur skipað sér í fremstu röð ungra knapa í íslenskum hestaíþróttum og stendur jafnan fyrir sínu með mikilli fagmennsku og yfirvegum.

Hæfileikar hennar endurspeglast í þeirri ástríðu sem hún sýnir íþróttinni og er ánægjulegt að sjá einstakt samspil hennar og hestanna sem hún keppir á. Védís Huld átti frábært keppnisár 2025 og var Heimsmeistaratitill hennar klárlega stærsti sigur ársins



Védís Huld hefur keppt í hestaíþróttum frá unga aldri og er hún bæði margverðlaunuð og afar reynd í sinni íþrótt. Mynd: Aðsend.

en auk þess sigraði hún með liði sínu í meistaraðildinni og hlaut Íslandsmeistaratitla í flokki ungmenna.



Lionklúbbur Selfoss veitir bráðamóttöku HSU styrk

Lionsklúbbur Selfoss hefur veitt bráðamóttöku HSU styrk til kaupa á Inmu relax púða. Þessi púði er skynörvandi tæki með tónlist og djúpum titring. Púðinn breytir hreyfingu sjúklinga í róandi tónlist og veitir þeim þannig slökun. Hann mun nýstast mjög vel fyrir þá sem þjást af kvíða, heilabilun eða óráði.

„Púðinn hefur reynst mjög vel hjá sjúklingum á deildinni og hefur m.a. læknað sjúkling af tímabundnum ofsakvíða sem hefði annars þurft að fá róandi lyf. Við notkun á púðanum náði sjúklingurinn ró og náði að sofna,“ segir Kolbrún Gunnarsdóttir deildarstjóri bráðamóttöku.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og lofnetskerfi



Framúrskarandi
fyrirtæki 2019



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Eyravegur 51,
800 Selfoss
Sími 590-6996

AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á
hestakerruna?



Skoðunarmánuður hestakerra fylgir
endastaf á númeri hennar!

Sveitarfélagið Árborg ÚTBOÐ



Vatnsveita Árborgar óskar eftir tilboðum í:
„Dælustöð og vatnsgeymir“.

Verkið felur í sér uppbyggingu dælustöðvar vatnsveitna í Sveitarfélaginu Árborg ásamt vatnsgeymi samkvæmt skilmálum útboðsgagna. Byggingarnar eru uppsteyptar með holplötum í þaki í megin-dráttum. Dælustöðin er tvær hæðir, 1. hæð og kjallari. Birt flatarmál byggingarinnar er 220,1 m². Í byggingunni verður dælubúnaður til að dæla vatni, búnaður því tengdur og salerni. Vatnsgeymirinn er rúmlega 2.000 m³ geymir með sambyggðu lokahúsi fyrir lagnatengingar við geyminn. Vatnsgeymirinn er um 675 m².

Helstu áætlaðar magntölur eru:

Fyllingar	1.300 m ³
Veggjamót.	1.970 m ²
Steyptustyrktarstál.	52.300 kg
Steinsteypa	550 m ³
Forsteyptar þakeiningar	700 m ²
Útveggjaklæðning.	530 m ²

Jarðvinnu og uppsteypu burðarvirkis dælustöðvar og vatnsgeymis skal lokið 15.10.2026 og heildarverki skal að fullu lokið 15. ágúst 2027.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/34f92331-1a26-40d9-aab5-4377521c922b>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 fimmtudaginn 12. mars 2026.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnufyrirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfisvið Árborgar

45 ára afmæli og hátíðardagskrá Tónlistarskóla Mýrdalshrepps

Tónlistarskólinn í Vík fagnar 45 ára afmæli á þessu ári. Þann 10. febrúar hélt Tónskóli Mýrdalshrepps upp á Dag tónlistarskólanna með veglegri hátíðardagskrá og tónlistarkeppninni „Flygill“, sem haldin var í þriðja sinn.

Í forgrunni keppinnar að þessu sinni var tónlist eftir Sigvalda Kaldalóns, en sérstakur flokkur var tileinkaður flutningi á verkum hans.

Keppnin var fyrst haldin fyrir þremur árum að frumkvæði tónskólastjórans Alexöndru Chernyshovu og hefur hún fest sig í sessi sem einn af hápunktum skólafestsins. Í ár tóku þátt nemendur á aldrinum 5 til 62 ára, sem sýnir vel þann fjölbreytta hóp sem skólinn þjónar.

Alls bárust 54 innsendingar og heiðursdómari var tónlistarkonan Anna Björnsdóttir. Það er sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að haustið 2023, að frumkvæði Önnu, eignaðist skólinn glæsilegan Yamaha-flygil sem nú prýðir sal tónlistarskólans og er orðinn hjarta hans.

Í upphafi hátíðardagskrár sungu nemendur og foreldrar úr Syngjandi fjölskyldu tvö lög, Góðan daginn og Krummi krunkar úti. Að því loknu söng Laufey Atladóttir Waagfjörð, söngnemandi, lagið Á íslensku má alltaf finna svar. Einnig komu fram söng-, píanó- og gítarnemendur, auk þess sem kammerkórinn Harpa flutti lög eftir Sigvalda Kaldalóns, svo sem Á Sprengisandi, þú eina hjartað yndið mitt, Ísland ögrum skorið, Sveitin mín, Mamma ætlar að sofna, Ég lít í anda



liðna tíð, Suðurnesjamenn og fleiri verk.

Salurinn fylltist af fallegum tónum og stolti. Þegar velja á besta flutning á lagi eftir Sigvalda Kaldalóns var það ómögulegt, tónlist hans er svo falleg og túlkanimar voru svo ólíkar og einstakar. Því var ákveðið að sleppa að gefa í þessum flokki verðlaun.

Veitt voru verðlaun fyrir bestu teikningar, sögur og frumsamin lög í mismunandi aldursflokkum. Margir hæfileikar komu fram, bæði ungir og eldri, og var greinilegt að metnaður, hugmyndaauðgi og tónlistargleði voru í fyrirrúmi.

Fyrir bestu teikningu í yngsta flokki fengu Samuel Chocholowicz og Helena Kalandyk verðlaun. Í unglingsflokki fengu Ögmundur Óli Brynjarsson og Laufey Atladóttir Waagfjörð verðlaun fyrir bestu teikninguna. Fyrir besta frumsamda lagið í barnaflokki fengu Hilmir Blær

Jónsson og Laufey Atladóttir Waagfjörð verðlaun fyrir lagið Vinir hittast, part 1. Í ævintýratónlistarsögukeppni barna vann Ásmundur Kristinn Einarsson með söguna Refur og lömbin. Í flokki fullorðinna vann Paul Henning með söguna Ansuz og Sigurður Magnússon með ljóðið Sveitin mín.

Að verðlaunaafhendingu lokinni fengu allir þátttakendur viðurkenningarskjal og glaðning, því það er þátttakan og gleðin sem skipta mestu máli.

Eftir tónleikana var boðið upp á gómsætar vöflur og kaffi í notalegri samveru og lauk deginum með samsöngnum Syngjum saman og biókvöldi fyrir tónlistarnemendur.

Fallegur söngur, litrík listaverk og frumleg tón- og ljóðaverk sýndu glöggst hversu fjölbreyttur og skipandi hópur nemenda og tónlistarkennara er við Tónlistarskóla Mýrdalshrepps.

Skólamál og ábyrgð í opinberri umræðu



Sandra Sigurðardóttir

Þingmaður Viðreisnar
í Suðurlandshreppi

KOSNINGAR 2026



Ég verð að segja að ég óttast það að umræða um skólamál, eins og hún hljómar stundum úr sal Alþingis, geri ekki það gagn sem henni er ætlað að gera. Ég efast ekki um að þau sem gagnrýna skólakerfið, gera það af góðum hug. Þau vilja að nemendum gangi betur. En margt af því sem haldið er fram um gang mála í skólakerfinu okkar er einfaldlega ekki rétt og slík umræða rífur niður í stað þess að byggja upp.

Með þessu er ég ekki að segja að við megum ekki gagnrýna skólakerfið, en við þurfum að vanda okkur. Þjóðfélagsum-

ræðan hér heima og erlendis hefur því miður þróast í þá átt að henni er beinlínis ætlað að vekja ótta, óöryggi og gremju. Trú á því að kerfin okkar virki sem skyldi er t.d. á hröðu undanhaldi meðal unglinga. Þar með talið skólakerfið.

Ef áherslur yfirvalda í menntamálum í gegnum tíðina eru skoðaðar sést vel að menntamál eru mjög pólitísk. Ég er sjálf kennari og alin upp af kennurum og ég leyfi mér að halda því fram að margt af því sem stjórnmálin hafa lagt af mörkum til menntakerfisins í gegnum tíðina hefur valdið skaða. Þótt það hafi verið gert í góðri trú. Fjölmörg dæmi vitna um það, bæði frá hægri og vinstri. Dæmin sýna að við verðum að vanda okkur betur.

Í því samhengi fagna ég vinnunni sem er í gangi hjá Miðstöð menntunar og skólalæðing, þar sem verið er að þróa matstæki til að styðja

við skólafest og gera nám og kennslu markvissari. En um leið finnst mér umhugsunarefni að niðurstöður prófa verði notaðar til að bera saman einstaka skóla. Án tillits til félagslegra og efna-hagslegra þátta, sem í breyttu þjóðfélagi hafa að öllum líkindum enn meiri áhrif en áður. Ég held að við ættum líka að horfast í augu við það að hætta er á að færri nemendur sem þurfa stuðning í námi taki slík próf, ef tilgangurinn er að bera saman einstaka skóla. Erlendir rannsóknir sýna það. Í því sambandi má benda á að þrátt fyrir að lesfimiþrófin, sem hafa verið lögð fyrir nemendur grunnskóla undanfarnir 10 ár, séu valkvæð hefur þátttaka í þeim verið mjög góð. Í kringum 90%, frá 1.-10. bekk. Þannig eru orðin til dýrmæt, marktæk gögn. Gögn sem við getum notað í uppbyggilegum tilgangi. Við. Mættum svo sannarlega gera meira af því.



KONUDAGS VÖNDURINN Á SELFOSI

OPIÐ SUNNUDAG KL. 9-14





7.990 KR.
KONUDAGSPAKINN
Konudagsvöndur meðum (nokkrir litir), súkkulaðihjarta og ilmvatnsprufa



9.990 KR.
ÁSTARPAKINN
Rósavöndur (7 stórar rósir með brúðarslöri), ilmvatnsprufa og Lindor konfekt



17.990 KR.
RÓMANTÍSKI PAKINN
Blómavalsvöndur stór (nokkrir litir). Óskaskrín (Dekurstund) og ilmvatnsprufa



22.990 KR.
LÚXUSPAKINN
Konudagsvöndur stór (nokkrir litir). Óskaskrín (Kósý kvöld), súkkulaðihjarta og ilmvatnsprufa

VERKEFNASTJÓRAR

Rekstur og viðhald vindorku

Vindorka er ört vaxandi hluti af orkuvinnslu Landsvirkjunar og lykilþáttur í framtíðarsýn okkar um sjálfbæran heim, knúinn endurnýjanlegri orku. Við leitum að tveimur verkefnastjórum til starfa í deild vindorku á sviði vinds og jarðvarma.

Í starfinu berð þú ábyrgð á öruggum, skilvirkum og áreiðanlegum rekstri vindorkuvera og tengdra mannvirkja. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og reynir á tæknilega færni, skipulagshæfni og samskipti við innri og ytri samstarfsaðila. Aðstaða verður upphaflega á framkvæmdasvæði Vaðölduvers, en stefnt er að opnun þjónustumiðstöðvar á Hellu haustið 2028. Þá eru verkefnastjórar einnig með aðstöðu í höfuðstöðvum Landsvirkjunar, að Katrínartúni 2.

Við hverju má búast?

- Umsjón með rekstri, eftirliti og viðhaldi vindorkuvera og tengdra mannvirkja
- Undirbúningur og eftirfylgni rekstrar- og framkvæmdaáætlana
- Vinna að auknu rekstraröryggi, endingu búnaðar og hagkvæmni í rekstri
- Eftirfylgni með rekstrar- og viðhaldssamningum

Hefur þú eftirfarandi hæfni og reynslu sem nýtist í starfi?

- Menntun sem nýtist í starfi, svo sem í verkfræði, tæknifræði, orkutækni, vélstjórn eða rafvirkjun
- Reynslu af rekstri og viðhaldi í orkuvinnslu, iðnaði eða sambærilegu
- Þekkingu á orkukerfum, háspennu eða öðrum stórum tæknikerfum
- Sjálfstæð, ábyrg og skipulögð vinnubrögð, ásamt hæfni til að taka tæknilegar ákvarðanir
- Góða enskukunnáttu

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar
Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/storf





Landsvirkjun

Hlutu alls fimm verðlaun í þremur aldursflokkum

Verðlaunaafhending í ensku smásagnakeppninni 2025 sem félag enskukennara á Íslandi (FEKÍ) stendur fyrir fór fram 9. febrúar s.l. við hátíðlega athöfn í Veröld - húsi Vigdísar í Reykjavík.

Það var sendiherra Bretlands á Íslandi Dr. Bryony Mathew sem afhenti nemendum verðlaunin.

Öllum grunn- og framhaldsskólum landsins stendur til boða að taka þátt í þessari keppni þar sem nemendur skrifa smásögur á ensku út frá ákveðnu orði/þemu, sem í ár var orðið EPIP-HANY.

Verðlaunin afhenti sendiherra Bretlands á Íslandi Dr. Bryony Mathew.

Nemendur Grunnskólans í Hveragerði hlutu alls fimm verðlaun í þremur aldursflokkum.

Í flokknum 5. bekkur og yngri unnu eftirtaldir nemendur til verðlauna:

1. verðlaun hlaut Ísabella Rán Andradóttir fyrir söguna Basketball Hero. 2. verðlaun



Vinningshafar Grunnskólans í Hveragerði ásamt kennurum sínum. Aftari röð frá vinstri: Genimar Adriana Aranguren Lopez, Baltasar Björn Sindrason, Hera Fönn Lárusdóttir, Ólafur Jósefsson. Fremri röð frá vinstri: Ísabella Rán Andradóttir, Huguín Gunnarsdóttir, Hugi Þór Haraldsson. Mynd: Aðsend.

hlaut Huguín Gunnarsdóttir fyrir söguna Emma and Her Story. 3. verðlaun hlaut Hugi Þór Haraldsson fyrir söguna Neisti and I.

Í flokknum 6. – 7. bekkur hlaut Baltasar Björn Sindrason

1. verðlaun fyrir söguna The Last Upgrade.

Í flokknum 8. – 10. bekkur hlaut Hera Fönn Lárusdóttir 3. verðlaun fyrir söguna A Life In Ink.

Grunnskólinn í Hveragerði

Skálda ævisögur með Bókabæjunum austanfjalls á Fjöruborðinu



Bókabæirnir austanfjalls og Brimrót standa fyrir upplestri og umfjöllun um ævisögur og nýjar bækur þeirra Einars M. Guðmundssonar og Þórunnar J. Valdimarsdóttur á Fjöruborðinu á Stokkseyri 22. febrúar kl. 15.

Báða höfunda þarf vart að kynna fyrir íslenskum lesendum. Þau hafa verið starfandi seinustu áratugi og sent frá fjölda ritverka af öllum sortum og gerðum.

Þórunn er frábrugðin Einari í því að vera menntaður sagnfræðingur og hefur gefið út fræðileg verk meðfram skáldsögum og ljóðum. Sérstaklega



hefur hún gefið sig að því að rita ævisögur, Snorri á Húsafelli, Jakob Frimann Magnússon, Skúli fógeti og Matthías Jochumson svo einhverjir séu nefndir. Hún hefur líka skrifað bækur byggðar á ævi forfeðra sinna og móður og í nýjustu bókinni í þeim flokki, Stúlka með fálka, setur hún sjálfa sig sjöttuga í miðju frásagnarinnar.

Þórunn lítur yfir farinn veg, stiklar á stóru yfir merkisviðburði, árangur, mótlæti og sorgir en eiginmaður Þórunnar, Eggert Þór Bernharðsson, varð bráðkvaddur 2014. Fyrst og fremst er frásögnin gáskafull og flæðandi og Þórunn býður lesandanum

upp í samtal sem er persónulegt og margslungið.

Bækur Einars M. Guðmundssonar hafa oft verið byggðar á hans ævi. Hann sækir drjúgt í sinn samtíma og er óhræddur við að fjalla um sjálfan sig í því samhengi líka. Hann hefur líka fjallað um ævi forfeðra sinna í þrileiknum Fótspor á himnum, Draumar á jörðu og Nafnlausir vegir. Þroskasagan Passamyndir frá 2017 fjallar líka um ævi Einars og þar, líkt og í nýjustu bók Einars, Allt frá hatti oní skó er söguhetjan Haraldur byggður á Einari sjálfum og hér fylgjum við honum þar sem hann er að stíga sín fyrstu skrefi á rithöfunduferlinum í Kaupmannahöfn. Þar er hringið nýrra hugmynda, ný tónlist, ný list, nýjar bækur og allt svo nýtt sem mótar Einar höfund.

Þórunn og Einar Már lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum, svara spurningum og velta fyrir sér ævisögum, sjálfsævisögum og skáldaævi yfirleitt.

Gáta vikunnar

Tengjum þetta tímabili, tekur fastar á í gráð. Undir brú hann bjó í gili, býsna snemma, mér er tjáð.

Svar við gátu í blaði 2839: SPÓLA
1. Spóla í snjó - 2. Segulbandsspóla - 3. Tvinnaspóla
4. Spóla upp, rjúka upp (verða spólandi reiður)



Sunnlenski matgæðingurinn



Gúlassúpa

Matgæðingur vikunnar er Ástrós Rún Sigurðardóttir.

Takk Elín mín fyrir áskorunina, mér finnst nú voða gott að koma til þín í kaffi eða mat.

Mér leiðist nú ekkert að elda, því „reglan“ á mínu heimili er sú að sá sem eldar þarf ekki að ganga frá. Það er miklu skemmtilegra að elda.

Mér finnst ansi notalegt að elda matarmiklar súpur og fer þá ekkert endilega eftir uppskrift. Hér er ein skoðing, en það er mjög mikilvægt að mínu mati að nota cumin í súpu og skera sætu kartöflurnar í litla teninga.

Súpuna er líka hægt að gera með nautahakki í stað gúllas, stundum sleppi ég rjómanum og nota heinz-chili sósu. Með súpunni er best að hafa nýbakað brauð og hvítlaukssmjör sem ég kaup í Nettó.

Gott leynitrix hér á bæ er að eiga frosnar pizzadeigskúlur í frysti og þegar ég hendi í góða súpu er gott að þýða 2-3 kúlur, hnoða þær saman við gott ítalskt krydd og nokkur hvítlauksrif. Látið það hefast í smá stund, móta í góðan brauðhleif og baka svo í ofninum og borða það nýbakað með súpunni.

Gúlassúpa fyrir ca. 5-6 manns

700 gr - 1 kg. nautagúllas
2 msk. ólífuolía
3 hvítlauksrif, marin
1 meðalstór laukur, smátt skorinn

2 rauðar paprikur, smátt skornar
2-3 gulrætur, smátt skornar
1 selleristöng, smátt skornar
1 msk. fersk söxuð steinseljá
5 beikonsneiðar, smátt skornar (má sleppa)
1 ½ l vatn
2 stk. nautakraftsteningar
1 dós niðursoðnir tómatar (hakkaðir)
1 msk. tómatsúpa
1 - 2 meðalstórar sætar kartöflur, skornar í litla bita
1/2 ltr. matreiðslurjómi eða slatti af rjómaosti
Salt og pipar, magn eftir smekk
1 tsk. cumin krydd (ath. Cumin er oft ruglað saman við kúmen)
1 msk. paprikuduft

Hitið olíu við vægan hita í potti og mýkið hvítlauk og lauk í smá stund.

Bætið nautakjötinu, paprikum, gulrætum, selleríi, steinselju og beikoni saman við og brúnið í 5 – 7 mínútur.

Bætið vatninu og teningum saman við, hrærið vel í.

Setjið tómataka, tómatsúpu og sætar kartöflur ofan í súpu.

Kryddið til með salti, pipar, paprikukryddi og cumin.

Leyfið súpunni að malla í klukkustund (eða lengur) við vægan hita.

Berið súpu fram með brauði, hvítlaukssmjöri og sýrðum rjóma.

Ég skora á Maríu Ósk vinkonu mína og samstarfskonu að koma með næstu uppskrift. Hún og maðurinn hennar, Hlynur, eru miklir matgæðingar og snillingar í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Blaðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun:
Prentmet Oddi
Svansvottuð prentsmíða

prentmet oddi
heilðarlausnir í prentun

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is

Englafjölfestingar í sunnlenskri nýsköpun

Háskólafélag Suðurlands og IceBAN– samtök íslenskra englafjölfesta-, hafa formlega hafið samstarf með það að markmiði að efla samfélag englafjölfesta á Suðurlandi.

Samstarfið snýst um það að og skapa ný og aukin tækifæri til fjölfestinga í sunnlenskri nýsköpun og er það mikilvægt skref í uppbyggingu öflugs nýsköpunarumhverfis þar sem tengingar milli frumkvöðla og fjölfesta eru styrktar með markvissum hætti.

Háskólafélag Suðurlands hefur um árabíl unnið að því að styðja við menntun, rannsóknir og nýsköpun á svæðinu og tengja saman atvinnulíf og fræðasamfélag. Með samstarfinu við Iceban, sem er öflugt tengslanet englafjölfesta á landsvísu, skapast nýir möguleikar til að færa fjármagn, reynslu og tengsl beint að frumkvöðlum á Suðurlandi.

Hvað eru englafjölfestar?

Englafjölfestingar snúast um að einstaklingar, svokallaðir englafjölfestar, leggja eigið fjármagn í fyrirtæki og nýsköpunarverkefni á frumstigi, oft á sama tíma og þau eru að móta vöru, þjónustu eða viðskiptamódel. Auk fjármagns koma englafjölfestar gjarnan með dýrmæta reynslu, þekkingu og tengslanet sem getur skipt sköpum fyrir vöxt og þróun fyrirtækjanna, á sama tíma og þeir taka þátt í áhættu og mögulegum ávinningi verkefnanna.

Háskólafélag Suðurlands og Iceban hlutu styrk úr Örvari, sjóði á vegum menningar- nýsköpunar- og háskóla- ráðuneytisins, sem

veittur er til verkefna og viðburða sem heyra undir áherslur ráðuneytisins.

Styrkurinn mun nýtast til þess að fræða áhugasama fjölfesta um möguleika englafjölfestinga og til þess að þjálfa upp eigendur nýsköpunarhugmynda til að kynna verkefni sín fyrir þessum hópi englafjölfesta.

Með þessu framtaki er stigið mikilvægt skref í átt að því að jafna aðgengi nýsköpunarverkefna að fjármagni, óháð staðsetningu, og styrkja þannig Suðurland sem samkeppnishæfan og spennandi vettvang fyrir frumkvöðlastarfsemi og festingar.



Margrét
Polly Hansen
Hauksdóttir.
Mynd: Aðsend.

Útihúsgögn.is

PANTANIR HAFNAR! NÁTTÚRULEG

HANDSMÍÐUÐ GÆÐAVARA

- Douglassgreni
- Eik

info@utihusgogn.is
www.utihusgogn.is

Borðbekkir

Garðbekkir

Borðsett 4 - 12 manna

Hringborð

Kynning á Spánareignum Euromarina á Gimli fasteignasölu, Eyraarvegi 29 - 2. hæð
Laugardaginn 21. febrúar á milli kl. 13:00 og 15:00

TRAUST FLJÓLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 50 ÁR

- Persónuleg þjónusta
- Íslensk ráðgjöf og eftirfylgni alla leið
- Endurgreiðsla vegna skoðunarferðar allt að 200.000*
- Aðstoð við allt kaupferlið á Spáni

*fyrir 2, ef af verður að kaupum á nýrri eign. 125.000 fyrir einstakling

Halla Unnar
s: 6594044
halla@gimli.is

Elín Unnar
s: 6902602
elin@gimli.is

Lilja Hólmberg
s: 8206511
lilja@gimli.is

Elín Rósa
s: 7737126
elinsosa@gimli.is

Helstu byggingarsvæði:

- San Javier (La Manga)
- Los Alcazares
- Torrevieja
- Ciudad Quesada, Doña Pepa
- Benijófar

- Einbýli
- Rað- og parhús
- Íbúðir
- Pakibúðir

Sérfræðingur í bókhaldi hjá ECIT Bókað ehf á Suðurlandi

ECIT á Íslandi er alþjóðlegt fyrirtæki á sviði bókhalds- og launavinnslu með um 110 sérfræðinga sem hafa aðsetur á 15 stöðum um land allt.

ECIT á Íslandi rekur tvö félög sem eru ECIT Bókað ehf og ECIT Virtus ehf.

Við leitum nú að öflugum einstaklingum með reynslu og þekkingu í bókhaldi og launavinnslu til starfa í skrifstofu okkar á Selfossi og Hellu. Við leitum að sérfræðingum í fullt starf og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

Starfsfólk okkar þarf almennt að geta tekið frumkvæði og unnið sjálfstætt, vera lausnamiðað, þjónustulundað og eiga auðvelt með samskipti við samstarfsfólk og viðskiptavinum félagsins. Í samræmi við markmið okkar í jafnréttismálum hvetjum við öll til að sækja um óháð kyni.

Umsóknarfrestur til og með 24. febrúar 2026.
Nánari upplýsingar veitir Elísabet Ósk Guðjónsdóttir Mannauðsstjóri (elisabet.gudjons@ecit.is)

- Helstu verkefni og ábyrgð**

 - Færsla og afstemming bókhalds fyrir viðskiptavinum ECIT á Íslandi.
 - Skil í uppgjör og skil á virðisaukaskatti
 - Launaútreikningur og skil á launatengdum gjöldum.
 - Upplýsingagjöf og almenn ráðgjöf til viðskiptavina.
 - Önnur tilfallandi verkefni
- Menntunar- og hæfniskröfur**

 - Viðskiptamenntun æskileg og/eða nám til viðurkennds bókara.
 - Krafa um góða þekkingu og reynslu af bókhaldsstörfum
 - Reynsla af einfaldri launavinnslu
 - Þekking og reynsla af bókhaldskerfum
 - Enskukunnátta æskileg
 - Talnagleggni og tölvufærni
 - Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
 - Rík þjónustulund og jákvæðni



Aðalfundur Hveragerðisdeildar Rauða krossins

Aðalfundur Hveragerðisdeildar Rauða krossins verður haldinn **fimmtudaginn 12.03.2026 kl. 17.30 í Húsnæði Rauða krossins í Hveragerði Mánamörk 1**

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur
6. Kosning deildarstjórnar.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2025**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning. Kosningar í allar trúnaðarstöður deildarinnar eru leynilegar sbr. 9.tl. 19.gr. laga Rauða krossins á Íslandi.

Stjórnin



Rauði krossinn

Aðalfundur Rauða krossins í Árnessýslu

Verður haldinn Fimmtudaginn 5.mars kl. 18.00
Að Eyravegi 23 húsnæði Rauðakrossins

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjarfundi sama dag og á sama tíma, vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2025**. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

Stjórnin



Rauði krossinn

200 vörur á Prísverði

Krambúðin, sem er rekin meðal annars á Selfossi, Laugarvatni og Flúðum, býður nú lægra verð á 200 vörum í öllum búðum. Valdar hafa verið 200 vörur sem skipta heimilin í landinu máli og þær nú boðnar á sama verði og í Prís.



„Krambúðirnar eru vítt og breitt um landið og því er gaman að geta boðið þetta lága verð svona víða,“ segir Svanur Valgeirsson, framkvæmdastjóri Krambúðanna, 10-11 og Prís.

„Prís hefur boðið lægsta verðið á landinu frá opnun og þess vegna geta viðskiptavinir okkar treyst því að þessar 200 vörur verði alltaf á lægsta fánalega verðinu,“ segir Svanur.

Svanur segir aðspurður um hvaða vörur sé að ræða að það geti verið breytilegt frá viku til viku en að loforðið snúist um að vörurnar verði 200. Þetta eru ávextir og grænmeti, mjólkurvörur, kjötvörur og fleira.

SEIÐANDI ÞÖGN í gegnum tónlist

Sandra Lind Þorsteinsdóttir, söngkona, og Karin Viktoría Jakobsen, píanóleikari, sækja



Ísland heim með stuttu tónleikaferðalagi, en þær eru báðar búsettar í Kaupmannahafnarborg. Þær verða með tónleika í Skálholtskirkju laugardaginn þann 28. febrúar, þar sem þær munu flytja grísk þjóðlög í útsetningum M. Ravel, þrjú ljóð eftir ljóðskáldið Edith Sitwell í tónum eftir W. Walton, norræna tónlist úr ýmsum áttum – Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi, auk undurfagra ljóðaflöksins Mädchenblumen eftir R. Strauss. Tónleikarnir hefjast kl 16:00 og eru um klukkustund að lengd.

Aðgangseyrir er 2500 kr og ekki er tekið við greiðslukortum.

Afgerandi og vaxandi ánægja íbúa Hveragerðis

Það er fagnaðarefni að í nýfengnum niðurstöðum árlegrar þjónustukönnunar Gallup fyrir sveitarfélögin má merkja aukna ánægju íbúa Hveragerðis í allflestum þjónustuflokkum ásamt því að heilt yfir er afgerandi ánægja með Hveragerði sem búsetukost, sem fer jafnframt vaxandi. Þetta gefur okkur skýra vísbendingu um að Hveragerðisbær sé að feta sig rétta leið í að gera þjónustu á vegum bæjarins enn betri.

Hástökk í ánægju með menntastofnanir í Hveragerði

Það er sérstaklega gleðilegt að sjá að stærsta stökkið upp á við í ánægju íbúa gagnvart þjónustu Hveragerðisbæjar er með afgerandi hætti í grunn- og leikskólum bæjarins, en ánægja með menntastofnanir bæjarins mælist framúrskarandi í samanburði við önnur sveitarfélög. Skipar Hveragerði sér þar meðal þeirra sveitarfélaga þar sem íbúar eru hvað ánægðastir í þessu tilliti sem er mikið fagnaðarefni.

Það er gleðiefni að sjá með þessu vaxandi jákvæð áhrif ríkra áherslna meirihluta Okkar Hveragerðis og Framsóknar á framúrskarandi þjónustu við hæfi fjölbreyttar flóru barna með mismunandi þarfir og styrkleika. Jafnframt má um úrbætur á þjónustu menntastofnana Hveragerðis undanfarin misseri nefna tæmingu biðlista með opnun nýrra leikskóladeilda við Óskaland ásamt opnun nýjasta áfangans í uppbyggingu húsnæðis Grunnskólans í Hveragerði, veitingu frírra skólamáltíða í grunnskólanum ásamt um 70% lækun leikskólagjalda.

Allt skilar þetta sér í bættri þjónustu til íbúa - með gæðin í fyrirrúmi.

Framúrskarandi ánægja með gæði umhverfis í Hveragerði

Hveragerði hefur ávallt búið að ýmsum styrkleikum í þjónustu sinni og umhverfi. Íbúar hafa í því tilliti ekki síst notið góðs af

einkar fallettri og einstakri náttúru í bæjarfélaginu. Það er því kannski ekki að undra að niðurstöður könnunarinnar eru ekki síður afgerandi jákvæðar hvað varðar ánægju íbúa með gæði umhverfisins í nálægð við heimili þeirra í Hveragerði. Ánægja íbúa er þar hækkandi á milli ára, er nú í raun í hæstu hæðum og markar Hveragerði sér þar stöðu í fremstu röð sveitarfélaga með framúrskarandi ánægju íbúa.

Gæðin allt um kring í daglegu umhverfi eru íbúum Hveragerðis afar mikilvæg. Veigamiklir þættir í því tilliti eru nálægð við ósnerta og einstaka náttúru, aðgengi að fallegum gönguleiðum og ríkum tækifærum til útivistar ásamt góðri umhirðu bæjarfélagsins. Á kjörtímabilinu hefur meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar í bæjarstjórn unnið stöðugt og stöðugt að margvíslegum úrbótum og viðhaldi á þeim útivistar- og leiksvæðum sem fyrir eru í bæjarfélaginu í takt við áherslur á fjölskylduvænt umhverfi ásamt uppbyggingu nýrra slíkra svæða. Lagt er mikið kapp á að draga fram þau einstöku gæði sem finna má í Hveragerði til undirstrikunar á því að hér í fallegu umhverfi bæjarins eru rík tækifæri til samveru fjölskyldunnar, bæði í ósnortinni náttúru og á skipulögðum útivistar- og leiksvæðum. Slík gæði eru ekki auðfundin þó víða sé leitað.

Á komandi árum bíður Hveragerðinga spennandi verkefni sem felst í nánari útfærslu og uppbyggingu útivistarsvæðis undir Hamrinum - sem er sannkölluð paradís með ríkum tækifærum til útivistar, hreyfingar og ýmissrar tómstundaiðkunar. Það má með sanni segja að löngu er orðið tímabært að skapa svæðinu undir Hamrinum umgjörð sem sámir þessari perlu bæjarfélagsins.

Bylting í uppbyggingu íþróttamannvirkja

Ánægja með aðstöðu til íþróttaiðkunar er jafnframt risandi

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir
Bæjarfulltrúi Okkar Hveragerðis og varaformaður bæjarráðs Hv.



KOSNINGAR 2026

á milli ára, en nú standa yfir framkvæmdir við nýjan heilsárs gervigrasvöll, með einstöku gufukeyrðu snjóbræðslukerfi. Ráðgert er að taka völinn í gagnið snemma í vor. Þá standa einnig yfir framkvæmdir við glæsilegt nýtt íþróttahús með sérstökum fimleikasal. Þessi uppbygging á eftir að skila bænum íþróttastöðu í fremstu röð.

Áframhaldandi samtal um enn gæðaríkari þjónustu

Í þjónustu Hveragerðisbæjar við íbúa bæjarins fer fram afar fjölbreytt starf þar sem áherslan er á hvernig best sé hægt að mæta íbúum og þörfum þeirra á mismunandi og fjölbreyttum forsendum hvers og eins. Hér er aðeins tæpt á nokkrum þáttum þjónustu bæjarins, enda af nægu að taka í viðtækri starfsemi bæjarins, sem öll fer fram í þágu þeirra sem hér búa og mynda það samfélag sem starfsemi bæjarfélagsins hverfist um. Með framúrskarandi þjónustu við íbúa grundvöllum við blómlegt samfélag eins og við búum að í Hveragerði, þar sem einstaklingar fá að blómstra á eigin forsendum. Það er nefnilega staðreynd að bæjarfélagið hefur í grunninn þann eina tilgang að þjónusta fólki sem bærinn okkar samanstendur af svo hér sé hægt að lifa í gæðaríku og góðu samfélagi og umhverfi.

Okkar Hveragerði hlakkar til áframhaldandi samtals við íbúa um hvernig bæta má enn frekar þjónustu Hveragerðisbæjar þvert á öll málefnasvið - í viðleitni til að skapa hér enn gæðaríkara samfélag þar sem framúrskarandi þjónusta við íbúa bæjarins á öllum þjónustusviðum er í forgrunni.

Ánægja íbúa í Hveragerði: Ekki er allt sem sýnist



Nýlega birtist grein undir heitinu “Afgerandi og vaxandi ánægja íbúa Hveragerðis” þar sem fjallað var um niðurstöður þjónustukönnunar sveitarfélaga frá Gallup. Í umfjölluninni er dregin upp mynd af jákvæðri þróun á ánægju íbúa með þjónustu Hveragerðisbæjar. Þegar niðurstöðurnar eru hins vegar skoðaðar í heild og bornar saman yfir lengra tímabil kemur í ljós að staðan er ekki jafn einföld og greinin gefur til kynna.

Gallup-könnunin mælir ánægju fjölmargra þátta, í þjónustu sveitarfélagsins, hjá íbúum. Algengt er að fjalla um niðurstöður út frá nýjustu mælingu en þegar meta á þróun er mikilvægt að skoða meðaltal yfir ákveðin tímabil. Í þessari grein er ætlunin að rýna betur í niðurstöðurnar og skoða muninn á milli kjörtímabíla.

Greiningar benda til lakari upplifunar á yfirstandandi kjörtímabili

Þegar svör íbúa eru greind eftir kjörtímabilum og meðaltal reiknað fyrir hvern málaflokk kemur í ljós að ánægja íbúa er að jafnaði lægri á kjörtímabilinu 2022–2025 en hún var á tímabilinu 2018–2021.

Þessi munur birtist í fjölmörgum þáttum þjónustunnar, þar á meðal í heildaránægju með sveitarfélagið sem búsetukost, skipulagsmál, þjónustu við barnafjölskyldur, menningarmál og íþróttaaðstöðu.

Þetta felur ekki í sér að þjónustan sé almennt óviðunandi eða að íbúar séu í stórum stíl óánægðir. Gögnin sýna hins vegar að upplifun íbúa sé lakari á yfirstandandi kjörtímabili en á því sem á undan gekk. Þær hækkanir sem fram koma í nýjustu mælingum virðast að hluta endurspegla viðsnúning eftir verulega lækku

ingum virðast að hluta endurspegla viðsnúning eftir verulega lækku í mörgum málaflokkum árið 2023 fremur en að ánægja hafi náð nýjum hæðum. Í flestum tilvikum er ánægja enn undir meðaltali síðasta kjörtímabils.

Ánægja er enn til staðar

Í mörgum málaflokkum mælist ánægja íbúa Hveragerðisbæjar áfram góð og í sumum tilvikum er hún sambærileg eða meiri í samanburði við önnur sveitarfélög. Það er mikilvægt að halda því til haga.

Þróunin sjálf er þó ekki síður mikilvæg. Þegar meðaltöl lækka á milli kjörtímabíla gefur það vísbendingu um að væntingar íbúa séu ekki uppfylltar í sama mæli og áður. Slík skilaboð ættu að vera grundvöllur málefna-legrar umræðu um forgangsriðun, stefnumótun og umbætur.

Varkári í ályktunum þjónar umræðunni best

Í ljósi þessara gagna má efast um að fullyrðingar um „afgerandi og vaxandi ánægju“ endurspegli raunverulega þróun ánægju íbúa. Gögnin styðja frekar þá niðurstöðu að staðan sé blönduð, víða góð en ekki augljósar framfarir.

Til að íbúar geti myndað sér upplýsta skoðun er mikilvægt að niðurstöður slíkra kannana séu kynntar í samhengi og með hófstílltum ályktunum. Sé niðurstöðum ekki miðlað í heildstæðu samhengi er hættu á að framsetningin stuðli að upplýsingaóreiðu og skekktri mynd af stöðunni.

Almennt gildir að gögn af þessu tagi eru mikilvæg og verðmæt, ekki síst þegar þau eru notuð til að greina þróun yfir tíma og styðja upplýsta umræðu um forgangsriðun og umbætur. Til þess þarf þó að leggja jafna áherslu á heildarmyndina, ekki aðeins valdar niðurstöður eða einstakar mælingar. Þannig geta gögn orðið raunverulegt verkfæri til lærdóms og uppbyggingar fremur en staðfesting á fyrirfram mótaðri túlkun.

Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is

Pantaðu ljósmyndir í öllum algengustu ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER



Meiraprófsbílstjóri

Eimskip Selfossi leitar að þjónustuliprum og ábyrgum meiraprófsbílstjóra í fullt starf í vörudreifingu á hraðvaxandi starfssvæði. Starfsstöðin sinnir dreifingu á Suðurlandi út frá Selfossi.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Magnússon svæðisstjóri, smag@eimskip.com

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2026.


Viltu vita meira?
Skannaðu kóðann
og kannaðu málið.



eimskip.is



Meðalánægja þvert yfir málaflokka



Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

14 keppendur frá Umf. Heklu á Stórmóti ÍR

Ungmennafélagið Hekla átti 14 keppendur á stórmóti ÍR sem fór fram helgina 7.-8. Febrúar.

Talsverð gróska hefur verið í frjálsíþróttastarfi félagsins síðastliðið eitt og hálft ár og er langt síðan svo stór hópur keppenda hefur mætt á stórmót frá félaginu.

Keppendur Umf.Heklu stóðu sig vel inn á vellinum en félagið átti 8 keppendur í flokkum 8 ára og yngri sem kepptu í fjölþraut og 9-10 ára sem kepptu í fjórþraut sem að samanstendur af 60m, langstökki, kúluvarpi og 400m. Ekki er verðlaunað sérstaklega fyrir árangur í einstaka greinum í þessum aldursflokkum en haldið er utan um úrslit og árangur. Helst ber þar að nefna að Þröstur Freyr Bjarkason átti annað lengsta kastið í kúluvarpi, kastaði 6,57m. Um er að ræða keppni með 130 keppendum svo kast Þrastar er frábær árangur.

Í eldri flokkum mættu keppendur Umf.Heklu einnig sterkir til leiks.

Víkar Reyrr Víðisson keppti í kúluvarpi 18-19 ára pílta þar sem að hann bætti sig og varpaði kúlunni 11.84m og lenti í 2.sæti. Stephanie Ósk Ingvarsdóttir



Mynd: Ungmennafélagið Hekla.

keppti í 60m hlaupi og hástökki. Í 60m komst hún í úrslit eftir að hafa hlaupið á tímanum 8.72 sek í undanrás. Í úrslitum hljóp hún svo á 8.61 sek sem er stórbæting en hún átti 8.67 sek fyrir. Dugði tíminn til 9.sætis.

Í hástökki stökk Stephanie Ósk 1.58m og átti svo góðar tilraunir við 1.61m sem hefði verið bæting en stökk upp á 1.58m dugði eftir sem áður til silfurverðlauna.

Veigar Þór Víðisson keppti í

þrístökki karla. Þar stökk hann til sigurs með stökki upp á 12.10m sem er jafnframt bæting og lágmark inn á Meistaramót Íslands sem fer fram um mánadamtín.

Keppnistímabilið er að verða hálfnað hjá iðkendum Umf.Heklu en framundan er meistaramót fullorðinna, Bikarkeppnir FRÍ fullorðinna og 15 ára og yngri, Héraðsmót HSK og ýmis minni mót og innanfélagsmót.

Umf. Hekla



Kristján Kári Ólafsson sigraði gullverðlaun kúluvarp 18-19 ára.



Ásta Kristín Ólafsdóttir með gullverðlaun kúluvarp 15 ára.

Frjálsíþróttadeild Selfoss tóku þátt í Stórmóti ÍR

Nokkrir keppendur frá Frjálsíþróttadeild Selfoss tóku þátt í Stórmóti ÍR sem haldið var í frjálsíþróttahöllinni í Reykjavík 8.-9.febrúar. Í flokki 8 ára og 9-10 ára var boðið upp á keppni í fjölþraut þar sem aðaláherslan er á að hafa gaman og allir fá þátttökuverðlaun.

Í 11 ára flokki vann Helga Þórbjörg Birgisdóttir silfurverðlaun í fimmtarþrautinni. Hún náði bestum árangri allra keppenda í kúluvarpi með 7.23m löngu kasti og í langstökki stökk hún næstlengst allra er hún stökk 3.51m.

Í 14 ára flokki sigraði Andri Fannar Smárasón í stangarstökki er hann flaug yfir 2,28m og í þrístökki vann hann silfurverðlaun er hann

bætti sinn besta árangur með 9,54m löngu stökki.

Ásta Kristín Ólafsdóttir sigraði kúluvarp er hún bætti sinn besta árangur og kastaði 10.43m í 15 ára flokki.

Anna Metta Óskarsdóttir sigraði þrístökk með 11.21m og Arnís Eva Vigfúsdóttir vann tvenn silfurverðlaun, báðar í 16-17 ára flokki. Arnís bætti sig í hástökki er hún stökk yfir 1.58m og kastaði síðan kúlunni 11.48m.

Kristján Kári Ólafsson sigraði kúluvarp er hann bætti sinn besta árangur og kastaði 13,23m í 18-19 ára flokki.

Í karlaflokki stökk Daníel Smári Björnsson yfir 1.55m í hástökki og lenti í 1.-2.sæti.

Umf. Selfoss

Undirrituðu mikilvægan samning á aðalfundi

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis og Sleipnishallarinnar ehf. var haldinn í Hlíðskjálfi þann 3. febrúar síðastliðinn. Fundurinn var vel sóttur og bar hæst tíðindi af stjórnarkjöri, undirritun nýs þjónustusamnings við Árborg og útnefningu þriggja nýrra heiðursfélaga.

Breytingar á stjórn

Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Solveig Pálmadóttir gaf ekki kost á sér áfram og Elísabet Sveinsdóttir færði sig úr aðalstjórn yfir í varastjórn. Berglind Sveinsdóttir var endurkjörin formaður og með henni í aðalstjórn sitja Bryndís Guðmundsdóttir, Anna Björg Nielsdóttir og nýliðarnir Linda Björgvinsdóttir og Guðmundur Árnason.

Mikilvægur samningur til fimm ára

Á fundinum undirrituðu Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, og Berglind Sveinsdóttir nýjan fimm ára þjónustusamning milli sveitarfélagsins og félagsins. Samningurinn er talinn mikið heilaskref fyrir starfsemi Sleipnis og tryggir áframhaldandi öflugt samstarf.

Þrír nýir heiðursfélagar

Hápunktur fundarins var þegar þrír félagsmenn voru sæmdir heiðursfélaganafnbót fyrir ómetanlegt framlag til félagsins:

Þórdís Ölöf Viðarsdóttir – Þórdís hefur verið burðarás í starfi félagsins lengi. Hún var formaður Sleipnis á árunum 2010–2012 og leiddi félagið í



gegnum stóra áfanga þegar bygging reiðhallarinnar hófst. Hún var gjaldkeri félagsins 2009–2010 og hefur frá árinu 2016 sinnt gjaldkerastörfum fyrir reiðhallarnefnd af mikilli nákvæmni.

Guðmundur Árnason – Guðmundur var heiðraður fyrir að vera fyrirmynd í sjálfbærðaliðastarfi. Hann hefur ávallt verið tilbúinn að leggja til tæki, tól og vinnu þegar félagið hefur þurft á að halda.

Ragna Gunnarsdóttir – Ragna hefur verið afar virk í nefndarstörfum, m.a. í skemmtinefnd og kvennareidsnefnd, auk þess að gegna formennsku í reiðhallarnefnd. Hún er þekkt fyrir að veigra sér aldrei við að leggja hönd á plóg.

Þau Guðmundur og Ragna hafa jafnframt stutt dyggilega við bakið á félaginu í gegnum fyrirtæki sitt, Baldvin & Þorvald, um árabíl. *Hmf. Sleipnir*

Annar sigur í röð hjá Evu Maríu

Eva María Baldursdóttir sigraði glæsilega í hástökki er hún tók þátt í Penn Classic í Filadelfíu um helgina. Eva María, sem keppir fyrir háskólann í Pittsburgh, stökk til sigurs er hún stökk yfir 1,80 m og setti nýtt mótismet í leiðinni. Eva María jafnaði sinn besta árangur innanhúss en hún hefur hæst stökkið 1,84 m utanhúss. Hún átti síðan mjög góðar tilraunir við næstu hæð sem var 1.84 m. Þetta er annar sigurinn í röð hjá Evu Maríu á þessu innanhússtímabili en hún vann Penn State National Open í lok janúar með 1,79 metra stökki.



Næst keppir Eva María eftir 2 vikur á ACC championships og freistar þess að bæta sig á því móti og ná árangri til að komast inn á lokamótið innanhúss. 16 bestu hástökkvarar úr öllum háskólum bandaríkjanna komast inn á lokamótið.

Met og toppárangur hjá Hönnu

Hanna Dóra Höskuldsdóttir hgerði góða ferð á innanhússkastmót í Växjö í Svíþjóð um helgina. Hún byrjaði á því að bæta sig í kúluvarpi strax eftir 12 klukkustunda langt ferðalag þegar hún kastaði kúlunni 10,68 m og endaði í 5. sæti. Í kringlukasti kastaði hún 35,76 m sem er nýtt HSK-met innanhúss. Frábærlega vel gert hjá Hönnu Dóru en hún var að keppa við mjög marga sterka andstæðinga fyrir framan mjög marga áhorfendur með tilheyrandi stemningu og



látum. Hún höndlaði aðstæðurnar mjög vel, stóð sig frábærlega í báðum greinum og verður spennandi að fylgjast með henni í sumar.

Úthlutað einu sinni á ári í tilraunaskyni

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hefur samþykkt að breyta verklagi við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands. Helsta breytingin felst í því að fækka úthlutunum sjóðsins úr tveimur á ári í eina. Um er að ræða tilraunaverkefni til næstu tveggja ára sem miðar að því að efla faglegan stuðning við umsækjendur og tryggja skilvirkari nýtingu fjármuna.

Á 632. stjórnarfundum SASS var ákveðið að innleiða þetta nýja fyrirkomulag strax á árinu 2026. Þetta þýðir að hefðbundin vorúthlutun, sem alla jafna hefur farið fram í febrúar og mars, mun ekki eiga sér stað í ár. Þess í stað verður boðað til einnar stórrar úthlutunarlotu næstkomandi haust.



Samræming og aukin gæði ráðgjafar

Með þessari breytingu samræmir SASS vinnubrögð sín við önnur landshlutasamtök á landinu, sem öll hafa tekið upp eina úthlutun á ári. Meginmarkmiðið er að draga úr stjórnsýsluþunga og skapa þess í stað svigrúm fyrir byggðapróunarfulltrúa og verkefnastjóra SASS til að sinna:

- **Öflugri stuðningur og ráðgjöf:** Ráðgjafar SASS hafa meira svigrúm til að veita umsækjendum persónulegri aðstoð. Umsækjendur fá nú meira svigrúm til að vinna með ráðgjöfum við að þróa hugmyndir sínar, vanda umsóknir og styrkja viðskiptaða menningaráætlanir sínar áður en frestur rennur út.

- **Sanngjarnara mat og meira gagnsæi:** Þegar öll verkefni ársins eru metin samtímis er tryggt að þau fái jafna umfjöllun innan sama fjárhagsramma og það tryggir að bestu umsóknirnar hljóti brautargengi.
- **Fyrirsjáanleiki og áætlanagerð:** Með einum föstum umsóknarfresti á ári verður ferlið skýrara. Umsækjendur geta gert langtímaáætlanir og nýtt tímann fram á haust til að tryggja að öll fylgiskjöl og samstarfsaðilar séu í höfn.
- **Vandaðri eftirfylgni:** Breytingin gerir SASS og ráðgjöfum kleift að fylgja styrktum verkefnum betur eftir. Þannig verður sjóðurinn ekki aðeins fjárhagslegur bakhjarl heldur virkur samstarfsaðili sem

styður við framgang verkefna yfir allt árið.

Úthlutunarflokkar óbreyttir
Þrátt fyrir breytta úthlutunartíðni verður áfram úthlutað úr tveimur flokkum: **Menningu** annars vegar og **Atvinnuþróun og nýsköpun** hins vegar. Fagráð mun starfa með sama hætti og áður og tryggja faglega yfirferð allra umsókna.

Stjórn SASS telur þessa breytingu nauðsynlega til að styrkja sjóðinn sem öflugan bakhjarl sunnlensks samfélags. Verkefnið verður metið að tveimur árum liðnum og tekin ákvörðun um framtíðarfyrirkomulag í ljósi þeirrar reynslu sem komst á tilraunatímabilinu.

Senda má fyrirspurnir á sass@sass.is SASS

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Réttarsandur - Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan nær til 6,78 ha spildu úr landi Réttarsands, L233917. Tillagan gerir ráð fyrir þremur byggingarreitum, á B1 verður heimilt að byggja 350 m² íbúðarhús, 250 m² gripahús og 600 m² skemmu. Hámarkshæð húsa er 7,5 m frá botnplötu. Á byggingarreit B2 og B3 verður heimilt að reisa sex 50 m² gestahús, allt að 6 m. há frá plötu. Gestafjöldi er að hámarki 20 manns.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:

Bolavellir úr Ytra-Seljalandi - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan nær til 5 ha svæðis úr landi Ytra-Seljalands. Gert er ráð fyrir 12 lóðum þar sem heimilt verður að byggja 50 m² gestahús. Hámarkshæð húsa er 6 m frá botnplötu og heimilt verður að vera með gistingu fyrir fjóra í hverju húsi.

Bolavellir úr Ytra-Seljalandi - aðalskipulagsbreyting

Breytingin tekur til 5 ha svæðis úr Ytra-Seljalandi sem verður breytt úr landbúnaðarlandi (L1) í verslunar- og þjónustusvæði (Vb).

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsagnar- og athugasemdarfrestur lýsingarinnar er frá 13. febrúar til og með 27. mars 2026. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra



Gefa út tónlistamyndband

Sunnlenska hljómsveitin Hr. Eydís og Erna Hrönn hafa gefið út tónlistarmyndband við frumsamið lag sitt Maniac For Love. Lagið kom út á Spotify í síðustu viku en í myndbandinu er tekin meðvituð ákvörðun um að sleppa öllu umstangi og setja flutninginn sjálfan í algjöran forgrunn.

Myndbandið er hugsað eins og stúdíoupptaka þar sem nánd, orka og uppbygging lagsins fá að njóta sín. Enginn söguþráður og engin flókin framleiðsla.... aðeins lagið, flutningurinn og stemningin sem byggist upp eftir því sem á líður.

„Við erum það ánægð með Maniac For Love að við vildum gera myndband sem styður við lagið frekar en að draga athygliina frá því. Myndbandið er náðið og sýnir okkur Ernu Hrönn þeg-

ar við erum að syngja lagið inn í stúdíóinu mínu úti á Granda í Reykjavík. Þetta var einföld framleiðsla, en þeim mun meira hlegið og fíflast, enda skemmtum við okkur mjög vel við upptökurnar,“ segir Örlygur Smári úr Hr. Eydís.

Myndbandið var tekið upp í einni lotu í hljóðveri Örlygs Smára á Granda. Markmiðið var að fanga flutninginn eins hreinan og mögulegt var, fremur en að byggja upp hefðbundið sögu-myndband. Maniac For Love er frumsamið '80s-innblásið arena rock-lag með gríðarstóru viðlagi, samið með stóra troðfulla tónleikahöll í huga og markar næsta skref hjá Hr. Eydís í átt að meira frumsömdu efni.

Myndbandið við Maniac For Love er aðgengilegt á YouTube: https://youtu.be/zZQdRlM_EVc

Tjónaskoðun og móttaka

Bilverk BÁ leitar að skipulögðum og lausnamiðuðum einstaklingi til að taka á móti viðskiptavinum okkar og sjá um mat á tjónum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- * Móttaka viðskiptavina: Tekið á móti fólki, veitt ráðgjöf og upplýsingar um viðgerðarferlið.
- * Tjónaskoðun: Greining á skemmdum og mat á viðgerðarkostnaði.
- * Samskipti við tryggingafélag: Kostnaðarmat og eftirfylgni vegna tjónamála.
- * Áætlunargerð: Skipulagning á komum og afhendingu bíla í samstarfi við verkstæðið.

Menntunar- og hæfniskröfur

- * Bilavít: Góð almenn þekking á bílum er nauðsynleg til að geta metið tjón af öryggi.
- * Þjónustulund: Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og vilji til að leysa mál viðskiptavina.
- * Tölvukunnátta: Reynsla af CABAS tjónamatskerfinu er mikill kostur.
- * Skipulag: Hæfni til að halda mörgum boltum á lofti í líflegu umhverfi.
- * Málfar: Góð kunnátta í íslensku er skilyrði.

Frekari upplýsingar á staðnum (Gagnheiði 3) eða í síma 482 2224
Áhugasamir geta sent ferilskrá og kynningu á bilverkba@simnet.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smárarnir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa kropus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Mánudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

AA fundir í Hveragerði í húsi

Rauða krossins. Mánamörk 1
Mánudaga Kl.18 - Konur
Fimmtudaga Kl.18 - Sporafundur - Konur

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

Við prentum
ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn 21
febrúar að Eyravegi 15,
kl:11-12. Engin gestur í
þetta sinn, ræðum saman-
maður er manns gaman.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
19. febrúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 19. febrúar kl. 14:45

**ADALFUNDUR FÉLAG
ELDRI BORGARA Á
SELFOSSI
KL 14. FIMMTUDAGINN
19. FEB**

Kaffi og meðlæti í boði félagsins

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa kl. 11 á fyrsta sunnudegi í föstu. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar og prédikar. Pétur Núi Stefánsson leikur á orgel og flygilinn góða. Innilega velkomin.

Sólheimakirkja

Skáta- og konudagsmessa kl. 14. Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir þjónar fyrir altari. Guðmundur Pálsson og Skátafélag Sólheima leiða kröftugan söng. Guðjón Sigmundsson flytur hugveku. Innilega velkomin!

Mosfellskirkja

Föstuhuganir í Litlu svörtu kirkjunni halda áfram. Miðvikudaginn 25. febrúar, kl. 19.30, flytur sr. Sigrún Óskarsdóttir erindi um „Ahrifavaldinn frá Rósu B. Blöndals“ en hún var – og er – Sunnlendingum að góðu kunn og setti fallegan svip á samfélagið. Kirkjukaffi á prestsetrinu. Innilega velkomin.

Skarðskirkja

Blásið er til guðsþjónustu í Skarðskirkju næstkomandi sunnudag, 22. febrúar, sem er fyrsti sunnudagur í föstu. Guðsþjónustan byrjar kl.14.00 og eftir hana verður aðalsafnaðarfundur í þjónustuhúsinu. Kórin leiðir söng og þið eruð öll hjartanlega velkomin.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 21. febrúar
klukkan 11:00

Jón Hjörleifur leiðir biblíurannsókn og predikar.

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags
Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 22. febrúar kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur, organisti Ester Ólafsdóttir, prestur Axel Árnason Njarðvík. Sunnudagskólinn á sama tíma kl. 11:00, umsjón Sjöfn ásamt leiðtogum. Morgunbænir miðvikudaga kl. 10:00, Krílasálmar kl. 10:30 og foreldrasamvera kl. 11:00.

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 17:00 - Léttara form. Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Esterar Ólafsdóttur, organista. Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir þjónar. Verum öll velkomin. Kyrrðarþænastund alla fimmtudaga kl. 17:15. Nýliðar mæti kl. 17.

Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS



Garðabær Suðurlands?

Hveragerði er fallegur bær á stórkostlegum stað, ég hef verið svo heppinn að búa þar í yfir tíu ár og er mér einstaklega hlýtt til bæjarins. Ég hef unnið við húsbyggingar síðan uppúr fermingu og geri enn. Hef byggt og endurnýjað á annan tug húsa og íbúða í Hveragerði s.l. ár. Fram til þessa hafa lóðir í bænum verið á frekar skaplegu verði, þ.e. gatnagerðargjald ásamt byggingarleyfisgjöldum.

Lóð undir einbýli kostaði rétt um 7 milljónir haustið 2021 innifalið í því verði voru öll gjöld til bæjarins. Seinniparts sumars 2025 fékk sonur minn úthlutað einbýlishúsaloð í nýjasta hverfi bæjarins, verðmiðinn á þeirri lóð var rúmar 21 milljón, sama stærð og áður og sama byggingarmagn. Það er þreföldun á 4 árum! Þá er verð á lóðum undir bæði parhúsaíbúð sem og raðhúsaíbúð um 10 milljónir sem gerir auðvitað ekkert annað en að hækka verð þessara íbúða verulega.

Fasteignamat hefur hækkað mikið í bænum á s.l. árum og eru tekjur bæjarins verulegar þar, núverandi meirihluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar sló sig til riddara með yfirlýsingu um að þau hefðu lækkað gjöldin í ár. Reyndar var það álagningarprósentan sem þau lækkuðu um 0,1 prósentustig en þar sem hækkan fasteignamats milli ára var 8-10% breytti þetta litlu, fasteignagjöld flestra hækkuðu um 7-9%.

Ég hitti bæjarstjóra okkar í sumar og sagði honum mína skoðun, m.a. að það væri mikil skekkja í lóðarverði undir parhús og raðhús, þar sem á raðhúsaloð er mun minna byggingarmagn en á parhúsaloð, þar af leiðir að fermetraverð lóðar í

Brynleifur
Siglaugsson



raðhúsi deilist á færri fermetra og hækkar því verð á eigninni hlutfallslega. Teldi ég þetta verð væri komið upp í rjáfur og væri ekki til að hjálpa til við að fá nýjar fjölskyldur í bæinn. Hann hló við og sagði mér að hann liti á Hveragerði sem Garðabæ Suðurlands, hér væri takmarkað landrými og því ætti að selja lóðir dýrt.

Vel má vera að þetta sé almennt skoðun núverandi meirihluta, eða þeirra sem eftir eru þar, þó að það hafi ekki komið fram í kosningabaráttu þeirra svo ég viti. Auðvitað þurfa þau að ná sér í fjármagn til að standa við öll kosningaloforðin, 640 milljóna íþróttahús sem átti að rísa á einu ári, gerfigrasvöll sem átti að vera tilbúinn fyrir einu og hálfu ári, himinhárr leigu fyrir illa byggðan leikskóla, ásamt öllum hinum stórkostlegu loforðunum. Og auðvitað ráðgjafakostnaðurinn við allt þetta er ekki gefins.

Nú þegar er búið að eyða upp undir milljarði í gerfigrasvöll, þar sem reyndar fauk nýlagt gerfigras af vellinum sem stendur en ókláraður, 200 milljónir eru komnar í holuna undir viðbyggingu við íþróttahúsið og búið að taka 600 milljón króna tilboði í fohelt hús, þá eru eftir ca 60-70% kostnaðar svo að heildarkostnaður fer úr 640 milljón króna loforði um íþróttahús í ca 2000 milljónir!

Ég sakna þeirra tíma þegar ákvarðanir voru teknar af kjörnum fulltrúum í bænum og af fólki sem starfaði fyrir bæinn af heilum hug en ekki af ábyrgðarlausum sérfræðingum á verkfræðistofum í Reykjavík.

ÞJÓNUSTA



Þorlákshöfn

Almennar
bílavíðgerðir

Erum á Noona

625 1515

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar

9. feb. kl. 17:00

11. feb. kl. 17:30

13. feb. kl. 10:00

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í íþróttaræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddar,
Hugræn atterisimeðferð,
meta medicine.

Leikskólamálin í Árborg



Bragi Bjarnason
Bæjarstjóri og oddviti
sjálfstæðisflokksins í Árborg

KOSNINGAR 2026



Brynhildur Jónsdóttir
Formaður fræðslu- og
frístundanefndar Árborgar

KOSNINGAR 2026

Ein af grunnstoðum samfélagsins er starfsemi leikskóla. Þeir eru í flestum tilfellum reknir af sveitarfélögum en einnig eru nokkur fyrirtæki sem reka leikskóla í samvinnu við sveitarfélögin. Hér í Árborg er rekstur fimm leikskóla hjá sveitarfélaginu en einn hjá einkaaðilum og er virkt og gott samstarf á milli aðila. Leikskólamál hafa verið í forgrunni bæjaryfirvalda og verða áfram með góðu samtalum við foreldra og starfsmenn. Stefnan er að bjóða ávallt upp á framsækna þjónustu og sveigjanleika fyrir fjölskyldur.

Námsgjald ekki hækkað 2026

Bæjarstjórn Árborgar tók þá ákvörðun við gerð fjárhagsáætlunar 2026 að hækka ekki námsgjald á leikskólum. Námsgjald er grunngjaldið sem er greitt fyrir hverja klukkustund á leikskóla mánudaga til fimmtudaga frá kl.8:00 - 16:00 og föstudaga frá kl. 8:00 - 14:00. Foreldrar hafa svo val um hversu mikla þjónustu þau vilja nýta í leikskólanum ásamt fæði, þjónustu milli kl. 14:00 - 16:00 á föstudögum og 15 mínútum fyrir og eftir opnunartíma ásamt skráningardögum.

Markmið Árborgar er að foreldrar hafi val um þjónustu og standa vörð um að grunngjöld séu í lágmarki. Það er

því einungis hækkun á fæðisgjöldum og skráningardögum milli ára. Með þessu fyrirkomulagi er markmiðið að minna af launahækkunum foreldra fari í greiðslu leikskólagjalda. Mánaðargjald barns í leikskóla í Árborg sem nýtir 38 klst. á viku ásamt fæði, hækkar þá einungis um eitt prósent milli ára eða um 440 krónur á mánuði.

Styðjum við þjónustu dagforeldra

Sveitarfélagið Árborg hefur við úthlutun á vorin undanfarin tvö ár getað boðið börnum fædd út mars árið á undan leikskóla-pláss. Við upphaf aðlögunar að hausti eru yngstu börnin því um 18 mánaða gömul. Til að brúa bilið fyrir þau börn sem komast ekki strax inn á leikskóla er til staðar öflug þjónusta dagforeldra í sveitarfélaginu. Niðurgreiðir Árborg mánaðargjaldið til foreldra og hækkaði niðurgreiðslan árið 2025 og aftur um 3,5 prósent árið 2026 og verður 92.301 kr. fyrir barn undir 18 mánaða og 124.200 kr. fyrir börn sem eru eldri en 18 mánaða.

Enn eru tækifæri til úrbóta og mikilvægt að sveitarfélögin og ríkisvaldið haldi áfram að leita sameiginlegra leiða til að brúa bilið frá fæðingarorlofi til leikskóla. Þetta er sameiginlegt

verkefni fyrir sömu íbúa á Íslandi og höfum við fulla trú á að það sé hægt ef samtalið er opið og lausnamiðað. Þetta málefni á að okkar mati að vera í forgrunni allra sveitarfélaga á næstu mánuðum og árum.

Fjölgum leikskólaplássum

Íbúum í Árborg hefur fjölgað undanfarin ár og samhlíða verið bætt við leikskólaplássum til að mæta þeirri fjölgun. Líkt og sjá má á mynd voru 680 börn í leikskólum Árborgar 1.október 2025 og í upphafi árs 2026 eru þau orðin um 690. Fyrirhugað er að bæta um betur og er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun að bæta við leikskóladeildum við leikskólann Jötunheima og Árbæ á næstu tveimur árum. Slíkt tryggir fjölgun leikskólaplássa til ársins 2030 miðað við áframhaldandi fjölgun íbúa. Samhlíða er hafin undirbúningar að byggingu nýs leikskóla sem gæti opnað um 2030. Markmiðið er að efla áfram þjónustu við barnafjölskyldur en um leið hafa sveigjanleika fyrir foreldra um val á þjónustu. Sjá mynd hægra megin.

Breytt fyrirkomulag reynst vel

Nýtt fyrirkomulag leikskóla, með lækkun mánaðargjalds og innleiðingu skráningardaga, var samþykkt áfram á síðasta ári eftir góða reynslu foreldra, barna og starfsmanna á tilraunatímanum. Veturinn 2024-2025 voru innan allra leikskóla í Árborg í heildina aðeins um sjö lokunardagar vegna forfalla og á tveimur leikskólum þurfti aldrei að grípa til lokunnar deilda.

Slíkt er vissulega dæmi um frábæra þróun sem mikilvægt er að styðja til framtíðar. Auk þess hefur verið ákveðið að bjóða áfram upp á uppeldisnámskeið í öllum leikskólum sem hluta af aðlögun barna við upphaf leikskólagöngu. Námskeiðin hafa fengið góð viðbrögð enda markmiðið að efla fræðslu og samtal milli leikskóla og foreldra.

Óhætt er að fullyrða að staðan er góð í þessum málaflokki. Að sjálfsögðu er ávallt vilji til að leita útbóta sem bætt

geta stöðu barnafjölskyldna. Fyrir liggur að meta skynsemi þess að bæta heimgreiðslum við þjónustu Árborgar, styðja enn frekar við dagforeldra eða fjölga leikskólaplássum og bjóða yngri börnum pláss á leikskóla. Einnig þurfa sveitarfélögin að sameinast í samtali við ríkisvaldið og finna sameiginlega lausn til að brúa bilið frá fæðingarorlofi til leikskóla. Með opnum hug getum við gert góða stöðu enn betri.

	1. okt. 2023	1. okt. 2024	1. okt. 2025
Árbær - Hjallastefna	109	111	98
Álfheimar	97	102	103
Goðheimar	113	116	117
Hulduheimar	112	111	115
Jötunheimar	148	148	182
Strandheimar	59	57	65
Samtals:	638	645	680
Þar af nemendur með fjölmenningarlegan bakgrunn	125	133	143

Fjöldi barna í leikskólum Árborgar 2023-2025.



Ljóð vikunnar

ÁSTIN RÍKIR

Aftur og aftur í þessum tímalausa heimi
ríkir ástin — hún gerir það alltaf og mun alltaf gera.
Geysilegur kraftur hennar er í hverjum andardrætti þínum
í hverju hljóði náttúrunnar,
hverju hvísli vindsins.
Tíminn virðist stöðvast í þessum tímalausa heimi
þegar ástin finnst — og tjáir sig í þér
eins og ballerínan verði dans
og söngvarinn verði lag,
eins og skáld týnist í ljóði
og listin gleypi listamanninn.
Tíminn sagði frá og það mun hann gera í þessum tímalausa heimi.
Ástin ríkti, ríkir, og mun alltaf ríkja.
Ástin ríkir vegna þín, sem þú, í þér
af því að annað er ekki hægt
af því að þú ert ást.

Hanna Supetran, Filippseyjum

Málverk eftir Hönnu Supetran. Þór Stefánsson þýddi.

Kraftur í sunnlenskri ferðaþjónustu

Mannamót Markaðsstof-
Manna fóru fram í Kórnum í Kópavogi 15. janúar sl. og voru þau nú hin fjölmennustu síðan leikar hófust árið 2015. Að venju höfðu ferðaþjónustuaðilar af landsbyggðinni stillt upp fjölbreyttum kynningarbásum þar sem markmiðið var að gefa ferðaskrifstofum á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að kynna sér það sem landbyggðin býður upp á í afþreyingu, gistingu og mat.

Sunnlensk fyrirtæki voru í fararbroddi í ár, og voru þau 77 talsins af þeim 260 fyrirtækjum sem tóku þátt. Alls er gert ráð fyrir að á milli 17-1800 gestir hafi lagt leið sína í Kórinn þennan dag. Sá kraftur sem ríkir í sunnlenskri ferðaþjónustu endurspeglar mikilvægi greinarinnar í landshlutanum. Í nýlegri samantekt Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga kemur fram að Suðurlandið leiðir vöxt í heildaratvinnutekjum á landinu og þar spilar ferðaþjónustan veigamikil hlutverk.

Maður er manns gaman

Mannamót Markaðsstofa lands-



hlutanna eru ekki aðeins ferðakaupstefna heldur er einnig markmið viðburðarins er að skapa samtal og tengsl milli fyrirtækja sem og að auka sýnileika landsbyggðarinnar í ferðaþjónustu á Íslandi. Eru sífellt fleiri fyrirtæki sem nýta sér viðburðinn til að gera sér dagamun og hitta kollega sína úr atvinnugreininni hvaðanæva af landinu. Er það mjög gleðilegt að sjá þar sem slík tengslamyndum,

þar sem aðilar hafa tækifæri til að sýna sig og sjá aðra, er oft vandasöm í ferðaþjónustunni.

Þátttaka í Mannamótum er háð aðild í einni af Markaðsstofum landshlutanna og bætist því jafnan í hóp aðildarfélaga fyrir viðburðinn. Tekið er við öllum nýjum félögum fagnandi og hvatt áhugasama til að setja sig í samband við Markaðsstofu Suðurlands.

Endurmenntun atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun - Meirapróf

okuland.is



Sprettur

ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is



ÁREIÐANLEGIR
PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



BYGGINGARÞJÓNUSTA SUÐURLANDS
Nýbyggingar · Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www byggingarsudurlands.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

STÍFLULOSUN SUÐURLANDS

STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

VIÐ ELSKUM STÍFLUR!

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

510 1180 - 669 8441

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun · Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

S: 692-2575
800 SMÍÐI

Stíflupjónusta Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM

GB HÚS
SÍMI: 848-0964